

Skýrsla Tölvunefndar LH fyrir starfsárin 2017 og 2018

Ekki tókst að taka nýjan SporFeng í notkun á keppnisárinu 2017 eins og fyrirhugað var olli það nefndarmönnum og mörgum öðrum vonbrigðum. Mikil vinna átti sér stað allt það ár, bæði af hálfu forritara hjá Tölvudeild bændasamtakanna og hjá nefndarmönnum. Nefndin fundaði mörgum sinnum og notaði yfirleitt Skype á vegum LH og gaf það góða raun. Fundir nefndarmanna með forriturum hjá Tölvudeild bændasamtakanna voru ekki taldir en skiptu mörgum tugum. Nýr SportFengur leit svo loks dagsins ljós nú í september 2017, að loknu keppnistímabili þess árs. Prófanir og lagfæringar fóru fram allt haustið. Þegar keppnistímabilið svo hófst á árinu 2018 var hinn nýji, veflægi SportFengur kominn í fulla notkun. Fjölmörg vandamál komu upp á fyrstu mótunum og vafalaust reyndi talsvert á þolrifin hjá mörgum mótshöldurum en með góðu upplýsingaflæði og samstarfi tókst smám saman að leysa langflest þessara byrjunarvandamála. Við teljum að með hinum nýja SportFeng hafi verið stigin stór skref til framfara. Mikilvægast er líklega það að nú eru allar tölur dómara slegnar beint inn kerfið og ekki þarf að slá inn neinar tölur í dómpalli. Mikilsvert er einnig að nú erum við laus við gagnaflutninginn á milli SportFengs og Kappa sem áður var mjög oft til vandræða.

Áhugi var á því að til yrði app í eigu LH sem nota mætti á öllum mótum hestamanna til að auðvelda keppendum og áhorfendum að fylgjast með gangi móta og sem birti gögn móta nánast jafnóðum og þau verða til. Eðlilegt var að slíkt app tengdist hinum nýja SportFeng enda verða gögnin til þar. Á fyrri hluta árs 2017 vann sérstakur starfshópur ákveðna greiningar- og undirbúningsvinnu vegna þessa. Niðurstaða starfshópsins og nefndarinnar var að nauðsynlegt væri að búa til nýtt app frá byrjun fremur en að þróa áfram það app sem búið hafði verið til fyrir Landsmótið 2016. Leitað var til Anitar hf og fengum við tilboð frá fyrirtækinu. Með samþykki stjórnar LH var gengið að tilboðinu og hófst vinna við smíði appsins í ársbyrjun 2018. Verkið tafðist og var ekki tilbúið til notkunar fyrr en um það bil þegar Landsmót var að hefjast. Appið hlaut nafnið LH Kappi. Appið varð strax vinsælt og mikið notað á Landsmótinu. Í ljós kom að serverar voru ekki undir þessa miklu notkun búnir og olli það vandamálum á mótinu en ráðin var bót á þessu. LH Kappi hefur til þessa fengist án endurgjalds en í framtíðinni mun þurfa að greiða hóflegt gjald fyrir að hlaða honum niður í síma.

Snemma árs 2017 kom ný útgáfa af Felix sem heldur utan um félagatöl allrar íþróttahreyfingarinnar og er á vegum ÍSÍ. Mörg vandamál komu flótlega í ljós vegna hins nýja Felix og olli þetta heilmiklum erfiðleikum. Flest þessara vandamála hafa nú verið leyst og eru tengingar á milli Felix og SportFengs að virka ágætlega núna.

Nefndarmenn hafa, ásamt starfsmönnum skrifstofu LH alltaf lagt talsvert á sig til að leiðbeina og aðstoða notendur hugbúnaðarins, aðallega símleiðis. Ekki hefur dregið úr þessu. Hilda Garðarsdóttir á skrifstofunni útbjó nýja útgáfu af Handbók fyrir SportFeng sem er afar gagnleg þó enn sé eftir að bæta þar inn ýmsum atriðum. Vegna mikilla anna stóð nefndin sjálf ekki fyrir námskeiðum nokkrir duglegir lykilnotendur tóku sig hins vegar saman þannig að námskeið var haldið í Reykjavík, annað á Hellu og það þriðja á Akureyri. Einnig fór fram kynning á SportFeng á endurmenntunarnámskeiðum dómara.

Þetta fólk skipaði Tölvunefnd LH starfstímabilið 2016-2018: Ágúst Guðjónsson, Eypór Jón Gíslason, Gísli Geir Gylfason, Kristín Jónasdóttir, Oddur Hafsteinsson, Valdimar Snorrason og Þórður Ingólfsson sem er formaður.

Fyrir hönd Tölvunefndar LH í september 2018,

Þórður Ingólfsson